

Setningarávarp
Elizu Reid forsetafrúar
á ráðstefnunni
Styrking á líðan kvenna í barneignuferlinu
16. september 2016

Góðan dag, góðir gestir.

Ég þakka kærlega fyrir þetta tækifæri til að opna ráðstefnuna en þetta er reyndar í fyrsta skipti sem ég opna ráðstefnu sem forsetafrú.

Eins og þið vitið mörg hef ég eignast fjögur börn, öll hér á Íslandi. Í hvert sinn var þetta einstök reynsla og gekk alltaf vel, börnin fæddust heilbrigð. Ég fer alltaf jákvæðum orðum um þessa reynslu af íslenska heilbrigðiskerfinu við erlenda vini mína og þá þjónustu hér sem tengist meðgöngu og fæðingu.

Engu að síður var fyrsta fæðingin kannski ekki að öllu leyti eins og ég hefði óskað mér – og ég vona að mér fyrirgefist þó að ég deili með ykkur persónulegri sögu. Almennt held ég að ég sé jákvæð og ákveðin og ég hafði lesið mikið um fæðingar. Móðir mín er líka mjög jákvæð og hún fór alltaf bjartsýnum orðum um barneignir („það er nú ekki *svona* sárt“ sagði hún alltaf þegar við sáum fæðandi konur engjast af kvölum í fræðsluþáttum í sjónvarpinu). Þess vegna reiknaði ég með að þó að fæðingarhríðir væru sárar upp að vissu marki þá mundu þær ekki vera neitt vandamál ef viðhorf mitt væri jákvætt og ég þæði mænudeyfingu.

Reynsla mín varð hins vegar á annan veg – en ég verð þó að bæta við að þetta var ekki nein hryllingssaga, beinlínis. Fæðingin var sett í gang þegar ég var gengin með 42 vikur, sársaukinn var miklu meiri en ég hafði gert mér í hugarlund, mænudeyfingin sem ég batt svo miklar vonir við virkaði ekki og sonur minn fæddist blár á lit (en grátandi!) eftir að læknir kom á staðinn **og** flýtti fyrir fæðingunni. Ég man líka að ég spurði sjálfa mig stundum fyrstu dagana á eftir hvað væri svona dásamlegt við það að eiga ungabarn, þessa lífsreynslu sem fólk þreyttist ekki á að dásama í mín eyru.

Foreldrar mínir höfðu komið í heimsókn frá Kanada til að aðstoða mig í þessum nýju aðstæðum en barnið kom svo seint í heiminn að þau urðu að fara heim aðeins einum degi eftir að ég kom heim af sjúkrahúsinu. Fyrsta kastið fannst mér stundum eins og þetta væri mér allt um megn. Og ég hugsaði til mömmu sem hafði aldrei minnst á nokkurn hlut sem væri neikvæður við það að eignast börn. Hlaut ekki eitthvað að vera að

mér, úr því það þyrmdi stundum svona yfir mig og mamma hafði aldrei upplifað neitt slíkt?

Foreldrar mínir voru að fara út á flugvöll og ég, sem var bæði dauðþreytt og ábyggilega í einhverri hormónaflækju, felldi nokkur tár. En þegar þau voru um það bil að kveðja hvíslaði pabbi að mér því fallegasta sem hann hafði nokkurn tíma sagt: „Þú stendur þig rosalega vel. Fyrst eftir að þú fæddist var mamma þín alveg í klessu!“

Nújá! Hugsaði ég. Þetta er þá kannski bara eðlilegt. Hin yndislega móðir mín hafði þá með árunum steingleymt hvernig fæðingarreynsla hennar hafði verið. Þessi einföldu orð hjálpuðu mér að komast í gegnum næstu daga og vikur, tíma margskonar uppgötvana.

Ég mundi varla skilgreina þessa lífsreynslu mína sem áfallastreitu né heldur sem fæðingarþunglyndi en hún gaf mér samt sem áður innsýn í tilfinningar og raunar tilfinningaleg áföll sem konur geta upplifað í tengslum við fæðingu, jafnvel í tilvikum þar sem barnið er heilbrigt. Ég var gæfusöm og naut stuðnings eiginmanns og fjölskyldu, og átti góða vini að, enda stóð ég þessa áraun af mér án vandræða.

En ég veit líka að það er mikilvægt að tala um svona mál, að gera sér grein fyrir að konur upplifa meðgöngu og fæðingu hver með sínum hætti og miklu máli skiptir að sú þjónusta og sá stuðningur sé fyrir hendi sem konan þarfnast.

Ég vil að lokum þakka ykkur öllum fyrir mikilvægt framlag ykkar á þessu sviði og vona að umræður ykkar verði árangursríkar og megi auka vísindalega þekkingu á þessu efni og efla tengslanet.